



Utanríkismálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Tilvísun: LHG-150529-02
Reykjavík 29. maí 2015

Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands við tillögu til þingsályktunar um þátttöku í björgunaraðgerðum á Miðjarðarhafi.

Landhelgisgæslu Íslands (hér eftir „LHG“ eða „Landhelgisgæsla Íslands“) hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um þátttöku í björgunaraðgerðum á Miðjarðarhafi, þingskjal 1238, 728. mál.

Landhelgisgæsla Íslands vill byrja á því að þakka fyrir beiðni um umsögn um þingsályktunartillöguna.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það ófremdarástand sem nú ríkir á hluta Miðjarðarhafsins sem rekja má að miklu leyti til ástandsins í stríðshrjádum löndum fyrir botni Miðjarðarhafsins. Ástandið er alvarlegt og er talið að þúsundir manna hafi tapað lífi sínu við að reyna að komast frá ströndum Afríku yfir Miðjarðarhafið til Evrópu.

Varðskip Landhelgisgæslu Íslands hafa frá árinu 2010 sinnt landamæraeftirliti, leit og björgun á vegum FRONTEX landamæra stofnunar Evrópusambandsins en þá hélt varðskipið Ægir að ströndum Vestur-Afríku til að taka þátt í aðgerðinni HERA. Frá því 2010 hafa varðskipin Ægir og Týr tekið þátt í samtals sjö aðgerðum sem varað hafa í yfir 16 mánuði samtals við Afríku, Spán, Ítalíu og Grikkland. Hafa áhafnir varðskipanna bjargað þúsundum flóttamanna. Frá því í desember sl. hefur áhöfn Týs komið að björgun um 3300 manns.

Auk varðskipa LHG hefur eftirlits- og björgunarflugvélin TF-SIF tekið þátt í verkefnum FRONTEX árlega frá því 2010. Áhöfn TF-SIF hefur með eftirliti sínu um Miðjarðarhaf og vesturströnd Afríku fundið tugi skipa og báta með flóttamönnum, en áhöfn flugvélarinnar beinir nærliggjandi skipum að flóttamannabátunum til að bjarga fólki úr lífshættulegum aðstæðum. Þá hefur áhöfn TF-SIF fundið fjölda skipa og báta sem stunda smygl á fíkniefnum og öðrum ólöglegum varningi til Evrópu og hafa fundist allt að 1.3 tonn af fíkniefnum í einu einstaka máli.

Það er mat Landhelgisgæslu Íslands að þrátt fyrir að þær aðgerðir sem hún hefur unnið í sl. ár á Miðjarðarhafi séu skipulagðar af FRONTEX, sé fjarri því að um sé að ræða hefðbundið landamæraeftirlit enda um mjög óhefðbundið ástand að ræða. Aðgerðir LHG snúa að því að bjarga lífi fólks sem er í lífshættu statt eins og dæmin hafa sannað.

Það er ekki svo að varðskip og flugvél LHG séu leigð út til FRONTEX eins og kemur fram í þingsályktunartillögunni, heldur er um að ræða framlag Íslands til landamæraeftirlits og björgunarstarfa sem skipulagt er af FRONTEX. Landhelgisgæslan fær greiddan kostnað við útgerð skipsins, utan launa áhafna en ákveðið framlag kemur frá FRONTEX fyrir afskriftir skipsins sem eðlilegt er.

Ísland er aðili að Schengen samstarfinu og þegar þörf krefur óskar FRONTEX eftir aðstoð aðildarþjóða Schengen ríkja til að sinna landamæraeftirliti, leit og björgun á ytri landamærum Schengen svæðisins.


Nú síðast var LHG beðin um að aðstoða ítölsk yfirvöld í aðgerðinni TRITON sem LHG hefur tekið þátt í frá því í desember sl. Varðskipið og áhöfnin nýtur stuðnings og verndar alþjóðlegs kerfis sem samanstendur af stjórnstöðvum og skipulögðum aðgerðum bæði flugvéla og skipa aðildarríkja FRONTEX. Það er ekki rétt sem

kemur fram í þingsályktunartillögunni að eftirlit LHG á Miðjarðarhafinu nái eingöngu til hafsvæðisins 30 sjómíllur suður af Ítalíu. Hið rétta er að flugvél LHG sinnir eftirliti upp að strönd Afríku og varðskipið Týr sinnir verkefnum á skilgreindu leitar- og björgunarsvæði Ítalíu og allt að 12 sjómíllur frá strönd Afríku. Hefur meðal annars mörg hundruð flóttamönnum verið bjargað nærri strönd Líbýu. Í slíkum aðgerðum er áhöfn Týr að setja sig í hættu við að bjarga mannlífum en eins og alþjóð veit ríkir borgarastyrjöld í Líbýu og hefur varðskipið Týr verið afar nærri átakasvæðum í nokkrum aðgerðum í vetur. Sú framkvæmd starfsmanna LHG var ekki gerð á grundvelli landamæravörslu, heldur leitar og björgunar enda auðsýnt að flóttamannabátarnir hefðu aldrei komist til Evrópu. Þessi hættulega aðgerð var framkvæmd á grundvelli mannúðar með það að leiðarljósi að bjarga mannlífum. Það markmið tókst fyrir tilstilli fagmennsku og hugrekkis áhafnarmedlima varðskipsins Týs.

Áhafnir varðskipsins Týs og flugvélarinnar TF-SIF hafa hlotið mikið lof fyrir framgöngu og fagmennsku í þessum krefjandi verkefnum. Áhafnarmedlimir hafa þurft að vera fjarri heimaslóðum og fjölskyldum sínum, margir hverjir mánuðum saman. Verkefnið er gríðarlega erfitt, bæði líkamlega og andlega. Þó mikil gleði fylgi því ávallt að bjarga lífi þeirra sem eru bágstaddir hafa aðstæður þær sem starfsmenn LHG hafa þurft að kljást við verið gríðarlega krefjandi. Eftir það langa úthald sem nú er að ljúka er mikilvægt að gefa áhafnarmedlimum færi á að ná hvíld, safna kröftum og skipuleggja næstu aðgerðir en ráðgert er að Týr haldi á Miðjarðarhafið á ný um 20. ágúst nk.

Mikið álag hefur verið á öllum búnaði varðskipsins og mjög brýnt að skipið fái nauðsynlegt viðhald. Ráðgert er að Týr fari í slipp í sumar og vegna útistandandi bilana þolir það enga bið. Týr er nú á leið til Íslands og er áætluð heimkoma 2. júní nk.

Landhelgisgæslan hefur ávallt svarað kalli um aðstoð á Miðjarðarhafi, jafnvel með mjög skömmum fyrirvara, það hefur LHG gert fyrir Íslands hönd. Það er að mati LHG algerlega óraunsætt að halda úti sjálfstæðri aðgerð á Miðjarðarhafi í sumar. Í raun er ekki höfuðatriði hvort ákvarðaðir væru auknir fjármunir til að sinna verkefnum, heldur sú staðreynd að það er hvorki skipulag, mannskapur né búnaður til reiðu fyrir verkefni af slíkri stærðargráðu sem þingsályktunin gerir ráð fyrir í sumar né í náinni framtíð.



Georg Kr.Lárusson
forstjóri